



## Kynjaverur í kynjadal

Í [Dans](http://hugras.is/category/umfiollun/rvni/dans/) (<http://hugras.is/category/umfiollun/rvni/dans/>), [Rýni](http://hugras.is/category/umfiollun/rvni/) (<http://hugras.is/category/umfiollun/rvni/>) höf.

[Sesselia G. Magnúsdóttir](http://hugras.is/author/sesselia/) (<http://hugras.is/author/sesselia/>) / 29. nóvember, 2015

---

*The Valley* er margslungið verk sem seytlar inn í sálina. Aðstandendur þess, danshöfundarnir og dansararnir Inga Huld Hákonardóttir og Rósa Ómarsdóttir, Sveinbjörn Thorarensen hljóðhönnuður, Ragna Þórunn Ragnarsdóttir sviðshönnuður og Arnar Ingvarsson ljósahönnuður, geta verið stolt.

---

Ingu Huld Hákonardóttir og Rósa Ómarsdóttir frumsýndu verkið *Wilhelm's Scream* á Reykjavík Dance Festival í ágúst 2014 en þar afhjúpuðu þær á sviði hvernig hljóð eins og þau sem notuð eru í kvikmyndum og útvarpsupptökum verða til. Hljóðveruleikinn á bak við hrottaleg ofbeldisatriði þar sem bein heyrast brotna, fórnarlamb drukkna og dularfullt fótatak nálgast var gerður opinber með því að sýna að í raun var aðeins sallerístöngli fórnað fyrir beinbrotið, dramatíska drukkunin verður til við sull í vatnsbala og svei mér þá ef óhugnanlega fótatakið á ekki rætur sínar í kornfleks dalli. Í verkinu *The Valley*,

sem frumsýnt var 19. nóvember á Reykjavík Dance Festival, halda þær stöllur áfram að rannsaka veruleika hljóðhönnuða en í þetta sinn gefa þær dansinum stærra rými og stíga inn í sinn eigin hljóðheim og dansa.

Dansverkið *The Valley* er margbrotið. Í því skoða höfundar tengsl hreyfinganna og hljóðheimsins og þá ekki síst valdatengslin á milli þessa tveggja þátta verksins. Hvort kemur á undan, hreyfingin eða hljóðið? Hvort stjórnar hverju? Þær leika sér líka með tvöfeldni í merkingu og því sem maður sér. Hér nota þær texta ekki síður en hreyfingar. Setning rennur inn í orð sem skiptir um merkinu og gefur frá sér nýja setningu sem hefur eitthvað nýtt að segja. Samhliða leika þær sér með tvíræðni í hreyfingum. Hreyfingarnar mynduðu ferli í rýminu en breyttu um stefnu og plan í tengslum við orðin. Þriðja hlið verksins var hreyfiforðinn sem birtist á sviðinu og tengdist hugmyndinni um hvað er náttúrulegt og hvað er vélrænt. Þar léku þær sér með samhverfu og ósamhverfu, fullkomnun, dýrslegt, vélrænt og mannlegt. Eins og fram er komið nýttu Inga Huld og Rósa sér mismunandi tjáningarform. Þær sköpuðu sinn eigin hljóðheim, notuðu röddina og hreyfingar til að koma hugmyndum sínum til áhorfenda. Texti hafði mikilvægu hlutverki að gegna í verkinu, texti sem var fluttur af þeim sjálfum en einnig utanaðkomandi rödd.



[http://hugras.is/wp-content/uploads/2015/11/Hugras\\_The-valley\\_hljodver.jpg](http://hugras.is/wp-content/uploads/2015/11/Hugras_The-valley_hljodver.jpg)

Verkið hefst í hljóðstúdíóinu þar sem dansararnir skapa sína eigin hljóðmynd. Þetta er mjög áhugaverð sena sem höfðaði bæði til hljóð- og sjónskynjunar. Eftir að hafa skapað mjög svo fallegan hljóðheim stigu dansararnir út úr hljóðverinu og inn í hljóðheiminn sem fyllti sviðið og myndaði ásamt sviðsmyndinni kynjadalinn sem verkið fjallaði um. Í kynjadalnum breyttust dansararnir í kynjaverur sem í gegnum hreyfingar og texta sköpuðu andrúmsloft sem var kynlegt en spennandi. Hreyfingarnar og samspil dansaranna vöktu forvitni og textinn sem furðuverurnar fluttu fléttuðist algjörlega inn í danssmíðina sjálfa og varð eitt með dansinum. Utanaðkomandi rödd truflaði aftur á móti flæðið.

Karlmannstödd barst að ofan og þrengdi sér inn í vitundina. Hún togaði í athyglina, krafðist að á hana væri hlustað. Hún talaði ensku og var greinilega að segja eitthvað sniðugt. Ég heyrði það á flissinu í kringum mig og léttnum á andliti samferðakonu minnar sem ekki er vön danssýningum og fannst því gott að geta tengt sig við eitthvað skiljanlegt. En ég vildi ekki hlusta. Ekki á röddina að ofan. Hún truflaði mig við að hlusta á hljóðheiminn í kringum mig og dansinn. Hvað var þessi karl líka að vilja upp á dekk. Ekki átti hann annan af þessum kvenlegu líkómum á sviðinu. Hvers vegna hætti maðurinn ekki að tala?

Veruleikinn í kynjadalnum hafði upp á svo margt spennandi að bjóða að textinn sem var fluttur utan sviðs varð fyrir mína parta óþarfur. Hann bætti lagi við verkið sem truflaði það sem komið var. Hljóðheimurinn og hreyfingarnar voru svo áhugaverðar að það var meira en nóg. Verkið snérist síðan um tilfærslur höfunda og dansara milli hljóðversins og kynjadalsins. Þær stigu inn í hljóðverið til að skapa nýja hljóðheima sem þær stigu síðan inn i og tjáðu í tali og hreyfingum. Töfraheimurinn sem skapaðist var einstakur og spennan að sjá hvað kæmi næst var kitlandi.

Kemur hún ekki aftur röddin að ofan. Reyndar ekki sú sama, núna eru það kvenraddir en þær toga athyglina engu síður burt frá sviðinu. Þær eru reyndar staddar í dálítið skemmtilegu kaffiboði og fram koma áhugaverðar þælingar en þessar raddir að ofan rjúfa hjúpinn yfir dalnum svo hluti af töfrum hans seytlar út. Mig langar að fá að vera í dalnum, sjá hvernig hann mótast í hljóðverinu og lifnar við með tilvist kynjaveranna.



[http://hugras.is/wp-content/uploads/2015/11/Hugras\\_The-valley3.jpg](http://hugras.is/wp-content/uploads/2015/11/Hugras_The-valley3.jpg)

#### UM HÖFUNDINN

---



#### Sesselja G. Magnúsdóttir

Sesselja G. Magnúsdóttir er menntuð í íþróttافرæðum og dansi auk sagnfræði. Hún hefur skrifað gagnrýni og greinar um dans undanfarin ár auk þess að kenna listdanssögu á framhaldsskólastigi og skapandi dans fyrir börn.